

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 24. mars 2017 í máli nr. S-785/2016:

Ákærvaldið

(*Einar Laxness aðstoðarsaksóknari*)

gegn

A

(*Bjarni Stefánsson hdl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18. október 2016 sl., á hendur:

„A, kt. 000000-0000,

[...], Reykjavík,

1. Fyrir líkamsárás, með því að hafa [...] 2016 innandyra að [...] í Reykjavík, veist að fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, B, kt. 000000-0000, sem var með þriggja ára dóttur þeirra í fanginu með því að hrifsa hana til sín og hrint B þannig að hún hrasaði og lenti með vinstri öxlina á hurðarkamri allt með þeim afleiðingum að B hlaut eymsli aftan til yfir vinstri öxl, yfir herðablaði og eymsli yfir neðri rifjum.

Mál nr. 007-2016-29715

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981 og 110. gr. laga nr. 82, 1998.

2. Fyrir líkamsárás og hótun, með því að hafa [...] 2016 innandyra að [...] í Reykjavík, veist að fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, B, kt. 000000-0000, með því þegar ákærði reyndi að hrinda upp útidyrhurð íbúðarinnar og B varnaði honum inngöngu, þá slegið í nokkur skipti á hægri hendi hennar, með þeim afleiðingum að B hlaut mar á fingrum og tognun og ofreynslu á þumli og jafnframt á sama tíma hóttað henni, sagst ætla að drepa hana og var þetta til þess fallið að vekja hjá B ótta um líf sitt og velferð.

Mál nr. 007-2016-31305

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981 og 110. gr. laga nr. 82, 1998 og 233. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu Brynjólfs Eyvindssonar hdl., fyrir hönd B, er krafist skaðabóta (miskabóta) úr hendi ákærða að fjárhæð 2.000.000 kr., með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu, frá [...] 2016, en síðan dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags.

Verjandi ákærða krefst sýknu af refsikröfu ákærvaldsins og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa og að bótakrafa verði lækkuð verulega. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður málsins verði lagður á rikissjóð.

I.

Ákæruliður 1.

Að morgni [...] 2016 barst lögreglu tilkynning um ágreining heimilisfólks vegna barns þeirra. Fóru tveir lögreglumenn að [...] og hittu þar brotþola, B. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir henni að ákærði, sem hún væri að skilja við, hefði komið heim til hennar og hafi honum verið hleypt inn. Hann hafi tekið þriggja ára dóttur þeirra og ætlað með hana á leikskólann. Hafi brotþoli bannað honum það en hann hafi ýtt henni frá. Hún hafi haft samband við leikskólann og hafði ákærði þá komið með hana þangað. Segir í skýrslunni að brotþoli hafi verið í uppnámi og mátti sjá að hún hafði grátið. Á meðan lögreglan var stödd á heimili brotþola kom ákærði aftur. Hann kannaðist við að hafa ýtt við brotþola þegar hún hafi reynt að taka dótturina.

Á meðal gagna eru skýrslur rannsóknarlögreglumanna sem kvaddir voru á vettvang. Rætt var við brotþola og er haft eftir henni að ákærði hafi, eins og fyrr segir, komið heim til hennar, tekið dóttur þeirra í fangið og ætlaði með hana á leikskólann. Hafi brotþoli bannað honum það og varnað honum að komast út úr íbúðinni en hann hafi þá ýtt við henni svo að hún datt aftur fyrir sig á vegg. Brotþoli kvaðst ekki hafa meitt sig og ekki hlotið áverka.

Haft er eftir ákærða að hann og brotþoli hefðu nýlega slitið samvistum en hann hafi þó komið til að hitta börnin sín. Hann kannaðist við að hafa tekið dótturina í fang sér og ætlað með hana á leikskólann. Brotþoli hafi reiðst og ýtt við honum á meðan hann hélt á telpunni. Hann hafi þá lítillaga ýtt við henni til að komast fram hjá henni og farið sína leið. Hann hafi komið sjálfviljugur til að ræða

við lögregluna þegar hann sá að hún var komin heim til brotaþola.

Á meðal gagna er læknisvottorð frá Heilsugæslunni [...]. Þar kemur fram að brotaþoli hafi leitað á heilsugæsluna [...] 2016 og rætt við hjúkrunarfræðing. Eftir brotaþola er haft að til ryskinga hefði komið á milli hennar og ákærða og að hann hafi hrifsað dóttur þeirra úr fangi hennar og hrint henni þannig að hún hrasaði og lenti með öxl í vegg. Hafi hún fundið til í öxlinni og óskað eftir lækni skoðun. Fram kemur í vottorðinu að brotaþoli hafi lýst atvikum svo fyrir heimilislækni að ákærði hafi hrint henni þannig að hún féll aftur fyrir sig og lenti með aftanverða vinstri öxl á hurðarkarm. Þá hafi hún fundið til eymsla í brjóstakassa sömu megin neðarlega. Brotaþoli hafi fundið til þegar hún hreyfði vinstri öxlina og var brugðið að því er virtist. Ekki hafi mátt sjá ytri áverka en hún hafi verið aum aftan við vinstri öxl, yfir herðablaði og út að „glenoid“ bili. Passívar hreyfingar um öxl hafi verið eðlilegar en eymsli yfir neðri rifjum, „post-lat“ vinstra megin. Mar gæti komið út síðar þar sem áverkar væru tiltölulega ferskir.

Fram kemur í gögnum málsins að þjónustumiðstöð [...] hafi haft samband við lögreglu og óskað eftir því að ekki yrði farið í eftirfylgd lögreglu eins og fyrirhugað var þann [...] 2016. Brotaþoli ætti tíma hjá félagsráðgjafa og mál hennar komið í farveg hjá þjónustumiðstöðinni. Lögregla hafði samband við brotaþola sem kvaðst sátt við framgang mála og tók fram að hún væri í sambandi við starfsmann Barnaverndar Reykjavíkur.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotaþola og annarra vitna í tengslum við ákærulið þennan, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kvaðst hafa verið fluttur út frá brotaþola þegar atvik áttu sér stað. Lýsti hann aðdraganda þess og kom fram að hann væri ósáttur við brotaþola. Umræddan morgun hafi hann komið að [...] og dóttir hans 3 ára hafi viljað að hann færi með hana á leikskólann. Hann hafi tekið hana í fangið og haldið henni með vinstri handlegg að sér en í hægri hendi hafi hann haldið á leikskólatöskunni hennar. Brotaþoli hafi komið æðandi að honum, spurt hann hvert hann væri að fara með telpuna og teygt sig í áttina að henni til að taka hana. Hún hafi ýtt við honum og hafi hann hörfað út. Sýndi ákærði með látbragði hvernig hann vatt upp á sig og fór út. Hann hafi verið með telpuna í fanginu allan tímann. Þegar hann hafi komið tilbaka hafði brotaþoli óskað eftir aðstoð lögreglu. Ákærði kvaðst ekki hafa ýtt brotaþola. Það sé því ekki rétt að hún hafi lent á hurðarkarmi eða vegg. Kvaðst hann hafa losað sig frá brotaþola eða slitið sig lausan. Nánar spurður kvaðst hann þó ekki hafa snert hana heldur hafi hún reynt að taka barnið. Hann kvaðst ekki vita eða muna hvort hún hafi fallið við eða rekið sig í.

Brotapoli kvað ákærða hafa komið umræddan morgun og beðið hana um tiltekin skjöl en hún hafi neitað því að láta hann fá þau. Hann hafi verið reiður yfir því. Hún hafi verið að búa telpuna þeirra í skólann en hann hafi tekið hana upp og haldið fast á henni með annarri hendinni. Hún hafi reynt að taka telpuna af honum með því að fara með hendurnar undir hana. Þá hafi hún hrópaði á ákærða. Hann hafi þá ýtt eða hrint henni kröftuglega og hafi hún lent með vinstri öxlina á hurðarkarminum. Hún hafi farið með telpuna á heilsugæsluna síðar um daginn og rætt við lækni. Hafi hún fundið til í öxlinni á eftir.

C, sonur brotápola, kvaðst hafa séð þegar ákærði hrinti mömmu hans og hún meiddi sig. Kvaðst hann ekki hafa verið langt frá. Ákærði hafi hrint eða ýtt henni með hægri öxlinni. Hún hafi lent á hurðarkant, meitt sig og farið að gráta. Þegar þetta gerðist hafi ákærði haldið á litlu systur hans í fanginu vinstra megin.

D lækni kvaðst hafa skoðað brotápola á heilsugæslunni. Hún hafi greint frá átökum sem átt hefðu sér stað um morguninn við ákærða. Lýsing hennar gat samrýmst staðbundnum eymslum hennar, m.a. aftan við vinstri öxl og við herðablað. Hún hafi verið í uppnámi en sagt skýrt frá því sem gerðist.

E lögreglumaður kom á vettvang ásamt félagi sínum. Brotapoli hafi greint frá því að ákærði hefði komið og farið með telpuna þeirra á leikskólann í hennar óþökk. Hann hafi ýtt við henni til að taka telpuna. Hafi hann viðurkennt það þegar rætt var við hann síðar á vettvangi. Vitnið kvað brotápola hafa verið í uppnámi og ljóst að eitthvað hefði gengið á.

F lögreglumaður kvaðst hafa komið á vettvang. Hún hafi spjallað við son brotápola sem kvað ákærða hafa ýtt við brotápola og farið með systur hans á leikskólann. Hann hafi verið mjög leiður. Ákærði hafi ekki verið velkominn á heimilið. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð neina áverka á brotápola og hafi ekki kannað það sérstaklega eða spurt út í það. Brotapoli hafi sagt að ákærði hefði haldið á telpunni þegar hann ýtti henni. Við það hefði hún dottið eitthvað aftur fyrir sig.

G rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa verið kallaður á vettvang. Hann hafi rætt við brotápola sem kvað ákærða hafa reynt að hindra að ákærði færi með telpuna þeirra á leikskólann. Ákærði hafi þá ýtt brotápola og hún skollíð utan í vegg. Hún hefði ekki nefnt það sérstaklega á vettvangi að hún hefði meiðst.

Niðurstaða ákæruliðar 1.

Ákærði kannast við að hafa komið að eigin frumkvæði á heimili brotápola umræddan morgun og ákveðið að fara með dóttur þeirra á leikskólann. Hann var á þessum tíma fluttur út. Ber ákærða og brotápola saman um að atvikið hafi átt sér stað á gangi íbúðarinnar við hurð.

Ákærða er gefið að sök að hafa veist að brotaþola, sem hafi verið með dóttur þeirra í fanginu, með því að hrifsa hana til sín og hrint brotaþola þannig að hún hrasaði með fyrrgreindum afleiðingum. Verður verknaðarlýsing þessi ekki skilin á annan veg en svo að ákærði hafi veist að brotaþola á meðan hún var með telpuna í fanginu.

Fyrir liggur samhljóma framburður ákærða og brotaþola um að ákærði hafi tekið telpuna upp og í fangið. Ber brotaþoli um að í framhaldi af því hafi hún reynt að ná telpunni af ákærða. Á sama veg ber vitnið C. Verður ákærði því sýknaður af þeim hluta ákæru að hafa hrifsað telpuna til sín úr fangi brotaþola.

Ákærði neitar því að hafa hrint eða ýtt brotaþola á meðan hann var með telpuna í fanginu. Hann hafi aðeins reynt að komast út en brotaþoli hafi viljað hindra það og ná telpunni af honum.

Í frumskýrslu, svo og í skýrslu rannsóknarlögreglumanns, er haft eftir ákærða að hann hafi ýtt brotaþola til þess að komast leiðar sinnar. Fráhvarf hans frá þeim framburði er að mati dómsins ótrúverðugt. Telur dómurinn sannað með skýrum og trúverðugum framburði brotaþola sem fær stoð af framburði C og að hluta til annarra vitna, svo og með fyrirbyggjandi læknisvottorði, að ákærði hafi beitt brotaþola ofbeldi umrætt sinn með því að hrinda eða ýta henni með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Verður verknaðurinn heimfærður undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 2.

Kallað var eftir aðstoð lögreglu [...] 2016 á heimili brotaþola en í frumskýrslu segir að ákærði hafi ráðist á hana og hótað henni lífláti. Ákærði var ekki á vettvangi þegar lögreglan kom þangað en haft er eftir brotaþola að ákærði hafi komið og hringt á dyrabjöllunni. Hún hafi opnað dyrnar enda ekki séð í fyrstu hver var kominn. Reyndist það vera ákærði sem hafi farið að spyrja hana út í peninga. Hann hafi reynt að komast inn, ýtt á hurðina og teygst sig í hana en hún hafi náð að loka. Við þetta hafi hún meitt sig á hægri hendi og kenndi sér meins eftir það. Ákærði hafi einnig haft í hótunum við hana og hótað henni lífláti. Brotaþoli leitaði á slysadeild sama dag.

Ákærði var handtekinn á dvalarstað sínum og yfirheyrður í kjölfarið. Hann ásakaði brotaþola um að hafa tekið launin hans og hafi hann því farið heim til brotaþola til þess að ræða við hana. Hún hafi ekki opnað upp á gátt heldur aðeins haft rifu á milli stafs og hurðar. Hafi þau bæði haldið við hurðina þannig. Kvaðst hann neita því að hafa reynt að ryðjast inn. Kannaðist hann við að hafa öskrað á brotaþola og verið orðljótur og hreytt í hana ýmsu sem hann ekki meinti, en ekki hótað henni lífláti.

Skýrsla var tekin af brotaþola á heimili hennar en þar greindi hún frá því að ákærði hefði reynt að hrinda upp hurðinni á íbúð hennar. Hann hafi hótað henni lífláti og ráðist á hana með því að teygja sig í höfuð hennar.

Á meðal gagna er læknisvottorð H, dagsett [...] 2016. Í vottorðinu er haft eftir brotaþola að ákærði hefði komið heim til hennar. Hún hefði opnað hurðina og hann hafi viljað komast inn. Hafi hún reynt að loka hurðinni en hann hafi haldið á móti. Kvaðst hún hafa fengið högg á hægri hönd, þumal og handarbak, þegar hún hélt við hurðina en að lokum hafi henni tekist að loka. Brotaþoli hafi kvartað undan verk í hægri hendi, aðallega yfir handarbaki nálægt þumli. Hún hafi einnig fundið til í þumlinum. Röntgenmyndir sýndu að handarbak var óbrotið. Var hún greind með tognun og ofreyntu á þumli, mar á fingri/fingrum án skaða á nögl. Hafi hún fengið stuðningsumbúðir á þumalinn.

Þá liggur fyrir bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til brotaþola þar sem henni er kynnt sú ákvörðun að beiðni hennar frá [...] 2016 um að ákærða verði gert að sæta nálgunarbanni hafi verið hafnað.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotaþola og annarra vitna í tengslum við ákærulið þennan, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kannaðist við að hafa komið að [...] umrætt sinn en neitar að hafa reynt að komast inn í íbúðina. Hann hafi farið inn í fremri gang og staðið fyrir framan dyrnar en í þeim er gler. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið á hönd brotaþola. Hún hafi staðið fyrir innan allan tíman og spurt hvað hann vildi. Hann hafi í þrígang beðið hana að opna en hún neitað. Hann hafi aðeins spurt hana út í fjármál. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa hótað að drepa hana heldur orðið reiður og sagt henni að koma með peningana sína.

Brotaþoli kvað einhvern hafa dinglað á bjölluna en hún hafi ekki átt von á ákærða. Hún hafi opnað og séð hann. Ákærði hafi ráðist á hurðina, eða skellt sér á hana og spurt hana um peninga. Hún hafi haldið á móti með báðum höndum og reynt að loka hurðinni en hurðin opnast inn. Ákærði hafi ekki slegið á höndina á henni. Hins vegar hafi hann komist með aðra höndina inn fyrir og reynt að grípa í höfuðið á henni. Brotaþoli kvaðst að lokum hafa náð að loka en ákærði hafi þá kallað inn um bréfalúguna á ensku að hann myndi drepa hana og vildi fá peningana. Kvaðst hún hafa óttast um líf sitt. Brotaþoli kvaðst hafa fundið til í hendinni eftir þetta en kunni ekki skýringu á því hvers vegna. Hugsanlegt væri að hún hefði slegist utan í eitthvað á einhverjum tímamarki, t.d. hurðarhúninginn, en allt hafi gerst mjög hratt og við þetta hafi hún komist í mikið uppnám.

C kvaðst ekki hafa orðið vitni af því sem gerðist umrætt sinn. Hann hafi verið sofandi en vaknað við læti. Hann hafi m.a. heyrt ákærða öskra á mömmu hans á ensku að koma með peningana eða hann dræpi hana. Þegar hann hafi komið fram hafi ákærði verið farinn en mamma hans grátandi og í sjokki. Hún hafi hringt á lögregluna. Hún hafi sagt honum að ákærði hefði reynt að komast inn en ekki lýst því sem gerðist frekar.

I lögreglumaður kom á vettvang en ákærði var þá farinn. Brotapoli hafi verið í svolitlu uppnámi og sagt að ákærði hefði komið en hann man ekki hvort hún hafi lýst því að hann hafi komist inn eða reynt það. Vísaði vitnið til lögregluskýrslu sinnar hvað þetta varðaði og einnig um það hvort ákærði hefði haft í hótunum en það myndi hann ekki í dag. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á brotapolu.

J lögreglumaður lýsti aðkomu sinni að málinu. Kvað hann brotapolu hafa verið skelkaða og hrædda þegar þangað var komið. Hún hafi greint frá því að ákærði hafi reynt að þröngva sér inn og einhver átök hafi orðið. Man hann ekki til þess að hún hafi nefnt áverka eða hótanir.

K rannsóknarlögreglumaður kvað brotapolu hafa lýst því að ákærði hefði komið og kafið brotapolu um laun sín. Brotapoli hefði reynt að loka á hann og hafi orðið einhver „ýtingur“ um hurðina en ákærði hafi viljað komast inn. Brotapoli kvaðst hafa slasast á hendi og verið aum og brugðið vegna þess sem gerðist. Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af brotapolu á heimilinu. Hún hafi sagt að ákærði hefði reynt að ná til hennar með því að teygja sig inn á meðan á þessu stóð. Þá hefði hann hótað að drepa hana. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið skýrslu af ákærða. Hann hafi gengist við þessu að vissu leyti en þó mildað allt sem brotapoli bar um. Hann hafi sýnt með látbragði „hnykkingar“ með hurðina fram og tilbaka og að rifa hefði verið á hurðinni. Hins vegar hafi hann ekki kannast við að hafa hótað að drepa brotapolu en kvaðst hafa verið mjög orðljótur.

H læknir gaf símaskýrslu og fór yfir læknisvottorð sitt. Staðfesti hún að brotapoli hefði greint frá því að hún hefði fengið högg þegar hún reyndi að loka hurðinni á ákærða. Hún hafi ekki verið slegin á höndina.

Niðurstaða ákæruliðar 2.

Ákærða er í fyrsta lagi gefin að sök líkamsárás gagnvart brotapolu með því að hafa veist að henni með því að reyna að hrinda upp útidyrarhurð íbúðar brotapolu og slá hana nokkrum sinnum á hægri hönd hennar með nánar greindum afleiðingum.

Ákærði neitaði sök hér fyrir dómi og kannaðist ekki við að brotapoli hefði opnað dyrnar. Hún hafi neitað að opna fyrir honum. Þessi framburður ákærða er í ósamræmi við framburð hans hjá lögreglu en þar viðurkenndi hann að hafa reynt að

komast inn í íbúðina og að átök hefðu verið í tengslum við það. Dómurinn telur fráhrarf ákærða frá framburði hans hjá lögreglu ótrúverðugan. Hann er auk þess í andstöðu við trúverðugan framburð brotaþola og lögreglumannsins K sem staðfesti frásögn ákærða í skýrslutöku hjá honum. Liggur auk þess fyrir hljóðupptaka af þeirri yfirheyrslu.

Brotaþoli bar fyrir dómi að ákærði hefði reynt að komast inn í íbúðina og viljað ræða við hana fjármál. Ákærði er hins vegar ekki ákærður fyrir tilraun til húsbrots. Brotaþoli kvaðst hafa meitt sig við að varna honum inngöngu með því að halda við hurðina. Hafi ákærði þá reynt að teygja sig í hana inn um rifu á hurðinni en ekki slegið á hönd hennar. Gat hún ekki sagt til um hvernig hún hefði meiðst á fingrum.

Hvergi kemur fram í gögnum málsins að ákærði hafi slegið á fingur hennar er hann reyndi að komast inn í íbúðina. Hins vegar kemur fram í læknisvottorði frásögn sem kemur heim og saman við ofangreindan framburð hennar hér fyrir dómi. Sú frásögn var staðfest af vitninu H. Því er með öllu ósannað að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás gagnvart brotaþola með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Verður ákærði því sýknaður af þeim sakargiftum.

Ákærða er einnig gefið að sök að hafa umrætt sinn hótað að drepa brotaþola. Brotaþoli bar að ákærði hefði kallað þessi orð inn um bréfalúguna eftir að henni tókst að loka dyrunum en ekki á meðan átökin áttu sér stað eins og ráðið verður af ákæru. Vitnið C bar að hann hefði heyrt ákærða kalla á ensku að koma með peningana ella dræpi hann brotaþola. Samræmist þetta því sem haft er eftir brotaþola í frumskýrslu lögreglu. Staðfesti vitnið K að brotaþoli hefði greint frá þessu á vettvangi. Báru lögreglumennirnir I og J, svo og vitnið C, að brotaþoli hefði verið í uppnámi eftir þetta.

Ákærði hefur neitað sök hvað þetta varðar og kvaðst einungis hafa heimtað peninga sem hann taldi sig eiga. Hann hafi ekki verið orðljótur við brotaþola heldur reiður. Í skýrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði hins vegar að hafa verið orðljótur. Telur dómurinn fráhrarf hans frá þeim framburði ótrúverðugt og sannað með hliðsjón af því sem að ofan er rakið að ákærði hafi hótað að drepa brotaþola ef hún skilaði ekki peningunum. Eins og atvikum var háttað verður hins vegar ekki litið svo á að uppfyllt séu skilyrði 233. gr. almennra hegningarlaga um að hótunin hafi verið til þess fallin að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð brotaþola eða hennar nánustu. Verður ákærði því sýknaður af ákæru hvað þetta varðar.

II.

Refsiákvörðun og bótakrafa

Sakarferill ákærða hefur ekki áhrif á refsingu í máli þessu. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ekki hlutust verulegir áverkar af. Til þyngingar horfir að brot ákærða beindust að fyrrverandi sambýliskonu hans á heimili hennar en þar var ákærði ekki velkominn. Vísast í þessu sambandi til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er til þess að líta að ung dóttir þeirra varð vitni að því sem fram fór en það eykur alvarleika brotsins.

Með hliðsjón af framangreindu er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 45 daga. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar sem hann hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt ákærulið 1. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta er litið til líkamlegra afleiðinga verknaðarins fyrir brotþola en þeir fá stoð í gögnum málsins. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Krafan ber almenna vexti eins og í dómsorði greinir og dráttarvexti mánuði eftir birtingu bótakröfunnar sem var á lögreglustöð 6. september 2016.

Bótakröfu vegna ákæruliðar 2. er vísað sjálfkrafa frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærði skal greiða helming 274.040 króna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Stefánssonar hdl., og sama hlutfall 170.000 króna réttargæsluþóknunar Brynjólf Eyvindssonar. Einnig greiði hann 27.900 krónur í annan sakarkostnað vegna ákæruliðar 1. Annar sakarkostnaður, 78.430 krónur vegna ákæruliðar 2, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, A, sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði B 200.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu, frá 15. júlí 2016, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá 6. október 2016 til greiðsludags.

Ákærði skal greiða helming 274.040 króna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Stefánssonar hdl., og sama hlutfall 170.000 króna réttargæsluþóknunar Brynjólfs Eyvindssonar. Einnig greiði hann 27.900 krónur í annan sakarkostnað vegna ákæruliðar 1. Annar sakarkostnaður, 78.430 krónur

vegna ákæruliðar 2, greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Hjaltested (sign.)